

# NP Grunnatriðin

## Stakt orð

Byrjum á að skoða stakt orð.

NP-OBJ

no

et

þf

kk

gr

fílinn

fíll

Hér höfum við orðið 'fíll'.

'fílinn', sem birtist í fyrsta hvíta kassanum, er orðmyndin sem birtist í textanum. Það sem er inni í kassanum kallast **tóki** (e. token). Það er ekki alveg það sama og orðmynd, þar sem það geta verið mörg orð inni í kassanum (sjá nánar [síðar](#)).

'fíll' er **lemma** og birtist í næsta kassa. Lemma er oft kölluð uppflettimynd, enda notum við þessa orðmynd til að fletta orðinu upp í orðabók. Lemma nafnorða er orðið í nefnifalli eintölu án greinis; lemma sagnorða er sögnin í nafnhætti (að fara, að borða...); lemma lýsingarorða er orðið í nefnifalli, karlkyni, frumstigi, sterkri beygingu (góður, frumlegur, litríkur...). Lýsingarorð beygist sterkt ef það stendur með nafnorði án greinis, t.d. góður maður. Það beygist veikt ef það stendur með nafnorði með greini, t.d. góði maðurinn.

Lágstafa strengurinn 'no et þf kk gr' er **markið**. Fyrsti hlutinn, 'no', segir til um orðflokkinn. Aðrar upplýsingar sem koma fram fara eftir orðflokknum. Við köllum þær upplýsingar **formdeildir**, þær sýna málfræðilega eiginleika tókans. Þannig kemur hér fram að þetta er nafnorð (no) í eintölu (et) í þolfalli (þf) og karlkyni (kk) með greini (gr). Þá eru formdeildirnar eintala, þolfall, karlkyn og greinir. Athugið að sumar formdeildir eru valkvæðar, þannig að þær koma ekki alltaf fram. Þannig er greinir valkvæður. Til að sýna að valkvæð formdeild er ekki valin er hún grá en ekki svört. Dæmi um slíkt er hér að neðan.

NP-OBJ

no

et

þf


kk

gr

fíl

fíll

Við köllum ljósbláa kassann **lauf**. Hins vegar kallast dökkblái kassinn, merktur NP-OBJ, **liður**. Munurinn er að liðir leiða í aðra liði eða lauf, en lauf leiða aðeins í tóka í setningunni sjálfri. Í upphaflega dæminu leiðir þá liðurinn NP-OBJ í nafnorðalaufið 'no et þf kk gr'., sem leiðir í tókann 'fílinn'.



Ef við skoðum [aðra leið](#) til að sýna þáttunina, þáttunartré, þá sést munurinn enn betur. Hér leiðir liðurinn Beint andlag (sama og NP-OBJ), í nafnorðalaufið (við sjáum upplýsingarnar í kassanum með því að setja músina yfir laufið), sem svo leiðir í tókann 'fílinn'. Aftur á móti leiðir liðurinn Sagnliður í annan lið, Beint andlag, og líka í sagnorðalaufið, sem síðan leiðir í tókann 'sáu'. Ítarleg lýsing á þeim mörkum sem eru í skemanu og formdeildum þeirra er [hér](#). Yfirlit yfir helstu liði og mörk er [hér](#).

## Margorða tókar

ADVP-DATE-REL

ao

fst

í gær


í gær

Eins og áður sagði er orðmynd ekki það sama og tóki. Hér erum við með tvær orðmyndir, 'í' og svo 'gær', sem standa saman í einum tóka, 'í gær'. Í Greyni eru þó nokkrir svona tókar, sérstaklega atviksliðir sem málhafar eru löngu hættir að skynja sem aðskilin orð og málvæðing (e. grammaticalization) hefur átt sér stað.



Aðrar upplýsingar

Í sumum tilvikum þarf að taka frekari upplýsingar fram.




Hér erum við með **samsett orð**, sem finnst ekki í orðasafninu. Þá sýnir fyrsti kassinn tókann og næsti lemmuna, eins og alltaf, en síðasti kassinn sýnir **orðskiptinguna**. Þá höfum við upplýsingar um hvernig Greynir skiptir orðinu, og getum leiðrétt það ef þess þarf. Það getur t.d. gerst að Greynir skipti orði rangt upp, jafnvel þannig að það fari í rangan orðflokk. Þá skiptir máli að geta leiðrétt skiptinguna.




Hér höfum við **skammstöfun** og við viljum hafa upplýsingar um að þetta er skammstöfun. Þá birtist sérstakur kassi aftast, sem sýnir hvaða orð eru í skammstöfuninni.

Helstu setningagerðir


Áhrifslaus sögn




Óbeint andlag bætist við



Sumar sagnir krefjast frekari upplýsinga. Sögnin 'gefa' þarf almennt upplýsingar um hver gaf hverjum hvað. Óbeina andlagið kemur yfirleitt á undan því beina og táknar yfirleitt einhvers konar þega, þann sem fær eitthvað. Ath. að nú sýnir sögnin fallið á báðum liðum. 'so þgf þf' sýnir að sögnin hefur tvö andlög, óbeina stendur í þágufalli og það beina stendur í þolfalli. Bæði andlögin koma undir sagnliðinn VP.




Ath. þegar tveggja andlaga sögn birtist aðeins með óbeina andlaginu, eins og hér að ofan, er andlagið merkt NP-OBJ.



Hér birtist ekkert óbeint andlag þó að sögnin bjóði upp á það, svo aðeins það beina er tekið fram.

Sagnfylling




Áhrifssagnir eru þær sagnir sem stjórna fallinu á rökliðum sínum (andlag eða annað). Hér erum við með áhrifslausa sögn, 'vera', sem tekur með sér nafnorð í nefnifalli. Þá kallast nafnliðurinn ekki andlag, heldur sagnfylling (NP-PRD). Það raðast þó undir sagnliðinn eins og andlögin. Takið eftir að sagnlaufið sýnir fallið á sagnfyllingunni, þó að það sé ekki tæknilega séð andlag. Það sést á 'so nf'.

Andlæg sagnfylling


Sumar sagnir, svo sem telja, álíta, segja, nefna, taka andlag og annaðhvort sérstaka gerð nafnháttarsetningar, sem fjallað er um [hér](#), eða annan nafnlið. Dæmi: Hún álítur/telur/nefnir/segir hann [asna].  
Hún álítur/telur/nefnir/segir hann [geta breytt heiminum].  
Þar sem þetta er lokað mengi sagna sem hegða sér svona þá köllum við seinni nafnliðinn NP-IOBJ.

Svipaðs eðlis eru sagnir eins og láta sem taka sérstaka gerð nafnháttarsetningar með sér. Dæmi: Hún lætur hann [breyta heiminum].


Forsetningarliður sem andlag



Hér höfum við setningu eins og við höfum séð áður. Hér er andlag sagnarinnar sett undir sagnliðinn. En það geta aðrir hlutir verið andlag sagnar.




Hér höfum við engan nafnlið til að gegna hlutverki andlags, en málkenndin segir okkur að forsetningarliðurinn fyllir upp í andlagsplássið í setningunni. Þannig getum við spurt: *Hvað veit ég?* Og svarið getur verið 'marga hluti' eða 'um fjársjóðinn'. Forsetningarliðurinn er í nánu merkingarlegu samhengi við sagnliðinn. Forsetningarliðurinn PP (prepositional phrase) inniheldur P, fyrir forsetninguna, og svo nafnlið. Hér kemur enginn fáni á nafnliðinn, því þetta er ekki frumlag, andlag eða þess háttar. Forsetningin stýrir svo fallinu á nafnliðnum. Ef forsetningarliðurinn á sérstaklega við um sögnina raðast hann undir sagnliðinn. Forsetningarliðir (og atviksliðir) sem tákna tímasetningu eða staðsetningu eru líklegri til að eiga við um setninguna í heild sinni, en það má alveg færa rök fyrir því að þeir eigi við um sögnina. Ef Greynir raðar því undir sagnliðinn má það (í flestum tilvikum) standa þannig.




Hér er forsetningarliður sem táknar staðsetningu atburðarins í setningunni. Það má setja hann undir sagnliðinn en hann mætti einnig eiga heima beint undir beygingarliðnum IP ef hann kemst ekki undir VP.

Nafnháttarsetning sem andlag




Hér höfum við samsvarandi dæmi. Við gætum sagt "Ég kann marga hluti", þar sem 'marga hluti' væri andlag, en við getum líka fyllt í andlagsplássið hér með **nafnháttarsetningunni** IP-INF. Það sem einkennir hana er að innan hennar kemur nafnháttarmerkið (nhm) 'að', og svo sögn í nafnhætti. Við setjum þá nafnháttarsetninguna IP-INF undir sagnliðinn VP. Liðurinn TO kemur utan um nafnháttarmerkið til að einangra það. Athugið, sérstaklega í samhengi við umræðu um aukasetningar á eftir, að hér kemur bara stakur beygingarliður, en ekki aukasetningarliður (CP) utan um nafnháttarsetninguna.

Nafnháttarsetning innan forsetningarliðar




Fallsetning sem andlag



Hér er dæmi um spurnaraukasetningu sem andlag. Hún hegðar sér eins og skýringarsetningin, enda eru báðar fallsetningar.

Bein ræða


Þegar setning inniheldur beina ræðu á að merkja hana sem S-QUOTE. Innan hennar kemur IP sem inniheldur allt innvolsið. Það sem er sagt kemur innan CP-QUOTE og það sem sýnir hver sagði það kemur innan CP-SOURCE. Það er ekki beint aukasetning en liðurinn er til að auðvelda merkingargreiningu að tengja upplýsingarnar saman.



## Nafnliðir


### Grunngerðin

Við höfum séð marga nafnliði hingað til; einfaldasta gerðin er NP utan um nafnorðalauf.




Við getum þó fengið ýmsa aðra liði og lauf innan nafnliða.

### Lýsingarorð, töluorð, greinir og fornöfn innan nafnliðar




Hér höfum við alveg eins setningabyggingu og við höfum séð áður; frumlag-sögn-andlag, en nú er andlagsnafnliðurinn flóknari. Lýsingarorð, fornöfn, töluorð og greinir geta staðið innan nafnliðar, og fá ekki sérstakan lið utan um sig.




Hér er dæmi um nafnlið sem inniheldur tvö fornöfn, töluorð, lýsingarorð og loks nafnorð. Innan nafnliðarins er alveg flatur strúktúr; það kemur enginn sérstakur liður utan um öll ákvæðisorðin.

### Atviksorð innan nafnliðar

Í einhverjum tilvikum eru atviksliðir hluti af nafnlið. Það eru yfirleitt stigsatviksorð; atviksorð sem segja til um hversu \*mikið\* eitthvað er. Athugið að þar sem við viljum halda nafnliðum frekar flötum kemur enginn ADVP utan um atviksorðið. Annað til að athuga er að atviksorðið er merkt 'eo', sem er sérflokkur atviksorða sem mega standa innan nafnliðar.





### Eignarfallsliður




Við getum fengið nafnlið í eignarfalli sem kveður nánar á um aðalnafnliðinn, hér 'stóll'. Þá heitir nafnliðurinn í eignarfalli NP-POSS, til að tákna eignarfallslið, og kemur undir aðalnafnliðinn, sem í þessu tilviki er frumlag (NP-SUBJ).

Fallsetning innan nafnliðar








Hér er PP aftur á móti innan andlagsins, sem segir okkur að fíllinn hafi verið í náttfötum þegar hann var skotinn. Í svona setningum er það aðeins merkingin sem segir okkur hvað er rétt. Þetta ætti samt að leiðrétta.

## Staðsetning forsetningarliða

Ein leið til að greina hvar forsetningarliður stendur, innan nafnliðar eða sagnliðar eða annað, er að breyta röðinni á liðunum. Þá mætti hér segja 'Maðurinn skaut á náttfötunum fíllinn' og velta fyrir sér hvort þetta gangi upp merkingarlega. Þá er líka hægt að prófa að sleppa nafnliðnum, og segja 'Maðurinn skaut á náttfötunum'.

## Stakt lýsingarorð innan nafnliðar

Það er ekki endilega nafnorð innan nafnliðar. Það kemur oft fyrir að nafnorðið er **undanskilið**, þ.e.a.s. því er sleppt úr setningunni.






Hér höfum við tvo nafnliði, sá fyrri inniheldur stakt töluorð og sá seinni stakt lýsingarorð. Við getum ímyndað okkur að setningin sem liggur að baki þessari sé "Sex menn eru veikir menn", en við undanskiljum nafnorðin.

## Andlög lýsingarorða

Sum lýsingarorð stjórna falli á nafnlið sem á eftir kemur. Þetta eru orð eins og 'andsnúinn', 'líkur', 'skyldur' og fleiri.


Þá kemur liðurinn NP-ADP (adjective predicate, andlag lýsingarorða) utan um nafnliðinn sem fylgir, og hann kemur innan nafnliðarins sem lýsingarorðið er í.







Mæliliðir

**Págufall:** Mæliliðir eru að mestu merkingarlegs eðlis og gefa okkur upplýsingar um **magn** einhvers. Mæliliðir í págufalli standa (yfirleitt) með lýsingarorði í miðstigi. Dæmi eru 'tuttugu metrum lengra', 'þeim mun meira', 'fimmtán kílóum þyngra'. [Frekari upplýsingar](#).




**Eignarfall:** Slíka mæliliði mætti flokka sem NP-POSS en út af merkingunni viljum við flokka þá sem NP-MEASURE. Þeir koma líka yfirleitt á undan orðinu. Dæmi eru 'tuttugu stiga hiti', 'Hundrað kílóa steinsteypubútur', '18 míkrógramma ryk', 'Fimmtán milljóna króna fjárveiting'.



## Sundurslitnir nafnliðir

Þetta er algengast þegar frumlagið er leppur ('það') og í setningunni kemur fram síðfrumlag, sem er hið raunverulega merkingarlega frumlag. Í slíkum tilvikum á að merkja fyrri liðinn sem NP-ES og seinni sem NP-SUBJ. [Nánar um leppi](#).



Þetta kemur þó fyrir í fleiri tilvikum þar sem frumlagið er slitið í sundur eru "Flestir eru þeir góðir". Dæmi þar sem andlagið er slitið í sundur er "Allan borðaði ég matinn". Í þessum tilvikum er fyrri liðurinn merktur sem rétt málfræðihlutverk og seinni liðurinn NP án fána.

## Ólík málfræðihlutverk

Flest málfræðihlutverk sem nafnliðir geta haft koma fram í öðrum dæmum en hér er þeim öllum safnað á einn stað.

S0

np\_hlutverk.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no et nf kvk gr

Stúlkan

stúlka

VP

VP

so þgf þf fh subj nf p3 et þt gm sn

gaf

gefa

NP-IOBJ

no et þgf kk gr

hundinum

hundur

NP-OBJ

no et þf kvk gr

gjöf

gjöf

grm

.

Hér sést NP-SUBJ = frumlag, NP-IOBJ = óbeint andlag, og NP-OBJ = beint andlag.

S0

np\_hlutverk.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

person et nf kk gr

Páll

Páll

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 et nt gm sn

er

vera

NP-PRD

no et nf kk gr

ritari

ritari

grm

.

Hér bætist við NP-PRD = sagnfylling.

S0

np\_hlutverk.txt.2

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no et nf hk gr

Barnið

barn

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn

fór

fara

PP

P

fs þf

í

í

NP

no et þf kvk gr

skrúðgöngu

skrúðganga

grm

.

Hér sést ómerktur NP. Þeir eru innan PP en geta birst við aðrar aðstæður, svo sem þegar alls óljóst er hvað á að velja.

S0

np\_hlutverk.txt.3

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no

et

nf

kk

gr

Stóll

stóll

NP-POSS

no

et

ef

kk

gr

mannsins

maður

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

þt

gm

sn

brotnaði

brotna

grm

.

Hér sést NP-POSS = eignarfallsliður.

S0

np\_hlutverk.txt.4

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no

et

nf

kk

gr

Kettlingurinn

kettlingur

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

nt

gm

sn

er

vera

NP-PRD

lo

et

nf

kk

fst

sb

líkur

líkur

NP-ADP

no

et

þgf

kk

gr

kettinum

köttur

grm

.

Hér sést NP-ADP = andlag lýsingarorðs.

S0

np\_hlutverk.txt.5

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

NP

pfn

et

nf

kk

p3

Hann

Hann

VP

VP

so

þf

nf

fh

subj

nf

p3

et

þt

gm

sn

stakk

stakk

NP-OBJ

pfn

et

þf

kk

p3

hann

hann

NP-DAT

no

et

þgf

kk

gr

hnífi

hnífi

grm


.

.


Hér sést NP-DAT = þágufallsliður þar sem fallstjórnin sést ekki.

### Ólíkar undirgerðir nafnliða


Eins og sést í umfjöllun um ólík [mörk](#) eru ólíkar gerðir nafnliða merktar þar. Þetta er gert til að auðvelda merkingargreininguna. Oft er þó betra að halda utan um það með liðunum, sérstaklega þegar í hverri merkingareiningu geta verið mörg orð. Ath. þó að almennt viljum við frekar nota málfræðihlutverkaliðina ef það á við og leyfum laufinu um að sjá um ítarlegri upplýsingar. Lausnin þar er að hafa báða liðina!




Hér sést NP-ADDR = heimilisfang.




Hér sést NP-AGE = aldur.



Hér sést NP-MEASURE = mæliliður.




**Almenna reglan** er að rökliðir á undan fara ekki undir sagnlið en rökliðir á eftir fara undir sagnlið. Þegar við höfum margar hjálparsagnir sameinast þær undir einum VP-AUX en eru sjálfar ekki merktar VP-AUX. Það kemur stór VP yfir hjálparsögn (eða hjálparsögnum) og aðalsögn og rökliðum hennar, en svo kemur sérstakur VP yfir aðalsögninni og rökliðum hennar til að tákna með hvaða sögn rökliðirnir standa. Svolítið flókið dæmi sem sýnir þetta allt:





Lýsingarhættir og sagnbót

Lýsingarhættir hegða sér að miklu leyti eins og lýsingarorð, enda halda sumir því fram að lýsingarhættir séu ekki til, bara lýsingarorð.



Hér gæti 'farið' verið lýsingarorðið 'farinn' í sagnfyllingu eða sagnorðið 'fara' með hjálparsögninni 'vera'. Til að flækja málið kemur til greina að þetta sé sagnbótin 'farið'. Í hvorugkyni líta sagnbót og lýsingarháttur þátíðar alveg eins út. Til að sjá muninn þarf að prófa að breyta frumlaginu. Þá fáum við 'Konan er farin'. Sagnbótin er óbreytanleg svo við getum útilokað hana.

Til þess að koma eins fram við orðin, hvort sem þau greinast sem lýsingarorð eða lýsingarháttur (sagnbótin er undanskilin) með áhrifslausum sögnum eina og 'vera' og 'verða' þá er búinn til sagnfyllingarnafnliður NP-PRD utan um sagnliðinn, alveg eins og er gert fyrir lýsingarorðið í dæminu fyrir ofan.



Hér gildir það sama; þetta gæti verið sagnbót eða lýsingarháttur þátíðar. Hér getum við strax útilokað lýsingarorðið þar sem þetta getur ekki verið sagnfylling. Á listanum yfir helstu hjálparsagnir að ofan sáum við að hjálparsögnin 'hafa' tekur með sér sagnbót svo við getum ákvarðað það. Þetta má líka sjá á því að tókinn breytist ekki þó að við breytum frumlaginu: Konan/Barnið/Maðurinn hefur farið.

## Munur á nafnháttarsetningum og hjálparsagnasamböndum

Umorðað úr kafla [3.4](#):

Setning með hjálparsögn sem tekur með sér nafnhátt getur líkst setningum þar sem sögn tekur með sér nafnháttarsetningu sem andlag.



Við greinum á milli þeirra með eftirfarandi reglum:

Aðalsagnir eins og 'reyna' setja frumlagi sínu og andlagi merkingarlegar skorður. Það gera hjálparsagnir ekki.

Aðalsagnir eins og 'reyna' ráða falli á frumlagi sínu en það gera hjálparsagnir ekki.

Sögnin 'reyna' vill að frumlagið sé lifandi vera sem er gerandi. Andlagið þarf að vera eitthvað sem hægt er að reyna. Hjálparsögn getur ekki ákvarðað neitt svona.

Hér eru nokkur dæmi þar sem fyrri myndin sýnir hjálparsögn en seinna aðalsögn.



Sögnin vera.

S0

vp.txt.10

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kk

p3

Hann

hann

VP

VP-AUX

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

nt

gm

sn

hefur

hafa

VP

so

nf

nf

fh

gm

farið

fara

grm

.

S0

vp.txt.11

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kk

p3

Hann

hann

VP

VP

so

þf

nf

fh

subj

nf

p3

et

nt

gm

sn

hefur

hafa

NP-OBJ

to

ft

þf

kvk

tvær

tveir

no

ft

þf

kvk

gr

hendur

hönd

grm

.

Sögnin hafa.

S0

vp.txt.12

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kvk

p3

Hún

hún

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

nt

gm

sn

verður

verða

IP-INF

TO

nhm

að

að

VP

so

nf

nf

nh

gm

fara

fara

grm

.

S0

vp.txt.13

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kvk

p3

Hún

hún

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

nt

gm

sn

verður

verða

NP-PRD

no

et

nf

kk

gr


læknir

læknir

grm

.

Sögnin verða.



Sögnin munu er aldrei notuð sem aðalsögn.

## Agnarsagnir og sagnaragnir

Umorðarð úr [Setningafræði](#):

Sum smáorð mynda merkingarlega heild með sögnum. Þau standa stundum með fallorði (nafnorði, lýsingarorði, ...) en stjórna ekki falli þess. Í eftirfarandi dæmum táknar stjarnan að setningin er ekki tæk.

Sveinbjörg tók til matinn	Sveinbjörg tók matinn til	Sveinbjörg tók hann til	*Sveinbjörg tók til hann
Halldór gerði upp bílinn	Halldór gerði bílinn upp	Halldór gerði hann upp	*Halldór gerði upp hann


Smáorðið getur staðið á undan eða eftir fallorði, nema þegar fallorðið er persónufornafn. Þá verður smáorðið að koma á eftir.

Við sjáum að smáorðið 'til' stjórna ekki fallinu, því 'matinn' er í þolfalli en 'til' stjórna eignarfalli. Þá er 'til' sagnarögn.


Sagnaragnir líta oft út eins og forsetningar eða atviksorð en þá er hægt að beita þessu prófi. Til samanburðar eru hér setningar með forsetningarliðum:

Sveinbjörg tók eftir matnum	?Sveinbjörg tók matnum eftir	?Sveinbjörg tók honum eftir	Sveinbjörg tók eftir honum
-----------------------------	------------------------------	-----------------------------	----------------------------


Við sjáum að 'eftir' stjórna fallinu því 'matnum' er í þágufalli, en 'tók' tekur almennt með sér þolfall. Hér á eftir má svo sjá dæmi um greiningu ólíkra setninga með sagnarögnum.



Hér er setning með sagnarögn. ögnin er merkt ao, en fer innan sérstaks atviksliðar sem er merktur ADVP-PCL (particle). Hann tengist undir sagnliðinn.




Hér er sama á ferð en önnur orðaröð.





# Forsetningarliðir

Forsetningarliðurinn PP (prepositional phrase) inniheldur P, fyrir forsetninguna, og svo nafnlið. Hér kemur enginn fáni á nafnliðinn, því þetta er ekki frumlag, andlag eða þess háttar. Forsetningin stýrir svo fallinu á nafnliðnum.

Ef forsetningarliður er nátengdur sögn tengist hann undir stóra sagnliðinn.









Skýringarsetningar

Skýringarsetningar hefjast á skýringartengingunni 'að'. Spurnarsetningar hefjast á spurnarorðum - spurnartengingunni 'hvort', spurnaratviksorðunum 'hvar', 'hvenær', 'hvernig' eða spurnar spurnarfornöfnunum 'hver', 'hvor', 'hvaða'.



Hér sést dæmi um skýringarsetningu sem gegnir hlutverki andlags. Við gætum allt eins sagt "Ég veit hluti".



Hér er skýringarsetning innan andlags, þar sem það lýsir nánar fornafninu þar. Við gætum allt eins sagt "Ég skil það". Það gengi líka að segja "Ég skil það hvernig heimurinn virkar".

Spurnarsetningar

Beinar spurnarsetningar

S0

spurnarsetningar.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-QUE

NP

fn

et

nf

hk

Hvað

hver

IP

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p1

et

nt

gm

sn

er

vera

IP-INF

TO

nhm

að

að

VP

so

nf

nf

nh

gm

frétta

frétta

grm

?

S0

spurnarsetningar.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-QUE

PP

P

fs

nf

Af

af

NP

fn

et

þgf

hk

hverju

hver

IP

VP

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

þt

gm

sn

gekk

ganga

NP-SUBJ

no

et

nf

hk

gr

dæmið

dæmi

ADVP

ao

fst

ekki

ekki

ADVP

ao

fst

upp

upp

grm

?

Beinar spurnarsetningar, sem gætu verið í beinni ræðu, kallast QUE. Eins og sést kemur spurnarliðurinn utan IP. Það er þó ekki alltaf sérstakur spurnarliður, sbr. eftirfarandi setningar:

S0

spurnarsetningar.txt.2

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-QUE

IP

VP

VP

VP-AUX

so

nf

nf

fh

subj

nf

p2

et

nt

gm

sn

Getur

geta

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kk

p2

þú

þú

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

gm

sagnb

hlaupið

hlaupa

ADVP

ao


fst

hratt


hratt

grm

?




Andlag sagnar




Hér spurnaraukasetningin [í hverju barnið væri]. Það kallast CP-QUE. Ef að er gætt sést að CP-QUE er í raun andlag sagnarinnar 'spurði'; setningin gæti allt eins verið "Hún spurði spurningar". Af þeirri ástæðu höfum við NP-OBJ utan um aukasetninguna, til að tákna betur að þetta er andlagið og auðvelda merkingargreininguna.


Innan forsetningarliðar



Hér gætum við líka sagt "Ég hef hugmynd um **eitthvað**", þannig að CP-QUE gegnir hlutverki nafnliðar.





Með lýsingarorði



Hér er frumlagsleppur, NP-ES, því aukasetningin er frumlagið og það er of langt/pungt.

Ólíkir spurnarliðir

Forsetningarliðir



Fornöfn

S0

spurnarsetningar.txt.10

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

ft nf hk p3

þau

það

VP

VP

so

þf nf fh subj nf p3 ft þt gm sn

sáu

sjá

NP-OBJ

CP-QUE

NP

fn

et nf kk

hver

hver

IP

VP

VP

so

nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn

var

vera

NP-PRD

VP

so

lhpt et nf kk sb

kominn

koma

grm

.

S0

spurnarsetningar.txt.11

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et nf kk p3

Hann

hann

VP

VP

so

ef nf fh subj nf p3 et þt gm sn

spurði

spyrja

NP-OBJ

CP-QUE

NP

fn

et nf kvk

hver

hver

IP

NP-SUBJ

no

et nf kk gr

munurinn

munur

VP

VP

so

nf nf vh subj nf p3 et þt gm sn

væri

vera

PP

P

fs

þgf

á

á

NP

no

ft þgf kk gr

hestum

hestur

C

st

og

og

no

ft þgf kvk gr



kindum

kind


grm

.


Atviksorð




Hve + lýsingarorð




Hversu + lýsingarorð (af e-u)






Af hverju




Tilvísunarsetningar

Tilvísunarsetningar koma oftast undir nafnliði en geta komið undir VP, ef þær fjalla um atburðinn í setningunni frekar en einhvern þátttakanda í atburðinum.




Tilvísunarsetningin CP-REL er hér hluti af frumlaginu. Frumlagið í aðalsetningunni er líka frumlagið í aukasetningunni. Við merkjum það ekki sérstaklega, en þá er ekkert frumlag tekið fram í aukasetningunni.

Ath. að samtengingin í tilvísunarsetningum fær markið 'stt', ekki 'st'.




Hér tengist tilvísunarsetningin CP-REL undir sagnfyllinguna. Nafnorðið 'tjaldið' er samvísandi við eyðu í aukasetningunni; við erum í raun með aukasetninguna "fréttin fjallaði um tjaldið", en þar sem 'tjaldið' er ekki til staðar í aukasetningunni er í raun eyða þar. Þetta þáttunarskema tekur ekki fram eyður, svo forsetningin er sögð atviksorð innan atviksliðar.




Atvikssetningar


Atvikssetningar hegða sér eins og atviksliðir í setningatrénu, þær geta komið undir IP eða VP en varla undir NP. Hér á eftir koma nokkrar undirgerðir atvikssetninga. Þeim er skipt í flokka eftir merkingarlegu hlutverki þeirra. Þær merkjast alltaf CP-ADV en fá svo aukafána til að sýna undirgerðina.

Tíðarsetningar






Tilgangssetningar




Slíkar aukasetningar segja okkur hver tilgangurinn er með atburðinum í aðalsetningunni.

Viðurkenningarsetningar




Atburður í aðalsetningu á sér stað þrátt fyrir það sem er viðurkennt í aukasetningunni. Helstu viðurkenningartengingar eru þó að, þótt, enda þótt, jafnvel þótt, þrátt fyrir (það) að. Athugið að samtengingarnar fara í sama C-lið.

Skilyrðissetningar




**Skilyrðissetning** tiltekur skilyrði fyrir því að atburðurinn í aðalsetningunni á sér stað. Helstu skilyrðistengingar eru ef, nema, svo framarlega sem.



Hér er önnur skilyrðissetning, en í þetta sinn birtist hún fremst í setningu.

**Afleiðingarsetningar**



Atburður í aðalsetningu á sér stað og atburður í aukasetningunni er afleiðing þess. Helstu afleiðingartengingar eru svo að, að.

Orsakarsetningar

S0

atvikssetningar.txt.7

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p1Égég

VP

VP

so þf nf fh subj nf p1 et nt gm snþarfþurfa

NP-OBJ

no et þf kk grplásturplástur

CP-ADV-CAUSE

C

fs þgf afaf

fn et þgf hkþví

sá

st aðað

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p1égég

VP

VP

so þf nf fh subj nf p1 et þt gm snmeiddimeiða

NP-OBJ

pfn et þf kk p1migég

grm.

Atburður í aðalsetningu er afleiðing þess sem á sér stað í aukasetningu. Helstu orsakartengingar eru af því að, því að, þar eð, þar sem, fyrir því að, með því að, úr því að, sökum þess að, sakir þess að, vegna þess að, fyrst (að).

Samanburðarsetningar

Eftir íhugun á að koma eins fram við samanburðarsetningar og samanburðarliði. Munurinn er að samanburðarsetningar innihalda fullburða aukasetningar en samanburðarliðir eru stakir, misflóknir nafnliðir. Nokkrar ólíkar setningagerðir:

S0

sbr.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf hk p3Þaðþað

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 et nt gm snervera

NP-PRD

lo et nf hk mst sb spfbetra

góður

CP-ADV-CMP

C

st enen

NP

fn ft nf kvk allar

allur

no ft nf kvk grkindurnar

kind

grm.

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no et nf kk gr Kötturinn köttur

VP

VP

so þf nf fh subj nf p3 et nt gm sn á eiga

NP-OBJ

lo ft þf kk mst sb spf fleiri margur

no ft þf kk gr fætur fótur

CP-ADV-CMP

C

st en en

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p3 hann hann

VP

VP-AUX

so nf nf fh subj nf p3 et nt gm sn getur geta

VP

VP

so nf nf fh subj nf gm sagnb gengið ganga

ADVP

ao fst á á

# S-MAIN

## IP

### NP-SUBJ

no et nf kk gr Kötturinn köttur

### VP

#### VP

so þf nf fh subj nf p3 et nt gm sn á eiga

### NP-OBJ

lo ft þf kk mst sb spf fleiri margur

no ft þf kk gr fætur fótur

### CP-ADV-CMP

#### IP

##### C

st en en

##### NP

no et nf kvk gr hænan hæna

grm .

# S-MAIN

## IP

### NP-SUBJ

fn et nf hk þetta þessi

### VP

#### VP

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn var vera

### NP-PRD

lo et nf hk fst sb spf gott góður

### CP-ADV-CMP

#### C

ao fst eins eins

st og og

#### IP



##### NP-SUBJ

pfm et nf kk p3 hann hann

##### VP

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn sagði segja

grm .



Nafnháttarsetningar

Ath. að nafnháttarmerki, [TO [nhm að]], kemur alltaf á undan sögn en ekki undan stóra sagnliðinn.

S0

nafnhattarsetningar.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kk

p1

Ég

ég

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p1

et

þt

gm

sn

fór

fara

PP

P

fs

ef

til

til

NP

fn

et

ef

kk

þess

sá

IP-INF

TO

nhm

að

að

VP

VP

so

nf

nf

nh

gm

synda

synda

PP

P

fs

nf

í

í

NP

no

et

þgf

kk

gr

sjónum

sjór

grm

.

S0

nafnhattarsetningar.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn

et

nf

kk

p1

Ég

ég

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p1

et

þt

gm

sn

fór

fara

PP

P

fs

ef

til

til

NP

fn

et

ef

hk

þess

sá

IP-INF

TO

nhm

að

að

VP

VP

so

þf

nf

nh

gm

borða

borða

NP-OBJ

no

et

þf

kk

gr

matinn

matur

grm

.

S0

nafnhattarsetningar.txt.2

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p1Égég

VP

VP

so nf nf fh subj nf p1 et pt gm snfórfara

PP

P

fs nftiltil

IP-INF

TO

nhmaðaða

VP

VP

so nf nf nh gmsyndasynda

PP

P

fs þgfií

NP

no et þgf kk grsjónumsjór

grm

.

S0

nafnhattarsetningar.txt.3

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p1Égég

VP

VP

so nf nf fh subj nf p1 et pt gm snfórfara

PP

P

fs nftiltil

IP-INF

TO

nhmaðaða

VP

VP

so þf nf nh gmborðaborða

NP-OBJ

no et þf kk grmatinnmatur


grm

.


Dæmin að ofan minna mikið á atvikssetningar, nánar tiltekið tilgangsssetningar. Munurinn er að hér erum við með nafnhátt með andlagi og öðrum fylgiliðum en ekki fullgilda setningu. Við gætum til dæmis ekki bætt við frumlagi. Berum saman (stjarna táknar ótæka setningu):

Ég fór til að **hann** borðaði matinn.  
\*Ég fór til að \_\_\_\_ borðaði matinn.  
Ég fór til að \_\_\_\_ borða matinn.  
\*Ég fór til að hann borða matinn.


Frumlagið í nafnháttarsetningunni er alltaf í móðursetningunni. Oftast er það frumlagið, en í næsta dæmi er andlag í móðursetningu frumlag í nafnháttarsetningunni.





Nafnháttarsetning með sögn



Ath. muninn hér á sögnum og hjálparsögnum, sbr. kaflann [Munur á nafnháttarsetningum og hjálparsagnasamböndum](#).





S0

nafnhattarsetningar.txt.9

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no et nf hk gr

Vitni

vitni

VP

VP

VP-AUX

so nf nf fh subj nf p3 et pt gm sn

hafði

hafa

VP

VP

so þf nf fh gm

séð

sjá

IP-INF

NP-SUBJ

no et þf kk gr

mann

maður

VP

VP

so nf nf nh gm

hleypta

hleypta

PP

P

fs þgf

af

af

NP

no et þgf kvk gr

byssu

byssu

grm

.

Í þessu dæmi getur 'mann' verið andlag í aðalsetningunni en líka frumlag í nafnháttarsetningunni. Nafnliðurinn fær fall sitt frá aðalsetningunni. Við merkjum hann sem frumlag, og ímyndum okkur að nafnháttarsetningin í heild sinni sé andlagið.

Flestar aðrar gerðir nafnháttarsetninga með sögn taka nafnháttarmerki með sér fremst, það er hægt að þekkja þessa gerð á því að frumlag kemur fremst með sögn í nafnhætti. Helstu sagnir sem taka svona setningu með sér tákna einhvers konar vitnisburð; að maður hafi séð, heyrt eða skynjað eitthvað.

Nafnháttarsetning með lýsingarorði

S0

nafnhattarsetningar.txt.10

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf hk p3

það

það

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 et nt gm sn

er

vera

NP-PRD

eo fst

ekki

ekki

lo et nf hk fst sb

hægt

hægur

IP-INF

TO

nhm

að

að

VP

VP

so þf nf nh gm

finna

finna

NP-OBJ

no et þf kk gr

hestinn

hestur

grm

.

# Aðalsetningar

S0

adalsetningar.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparse

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no ft nf kk grHestarhestur

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 ft nt gm sneruvera

NP-PRD

no et nf hk grspendýrspendýr

grm.

S-MAIN er venjuleg aðalsetning.

S0

adalsetningar.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparse

S-PREFIX

IP

NP

no et nf hk grÍslandÍsland

PP

P

fs þfÍÍ

NP

no et þf kk grdagdag

grm.::

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no ft nf kk grFiskarFiskar

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 ft nt gm snlifalifa

PP

P

fs þgfÍÍ


NP

no et þgf kk grsjónumsjónum

grm. .

Hér höfum við S-PREFIX, einhvers konar forskeytta setningu sem hefur lítið að gera með aðalsetninguna S-MAIN. Við veljum að skipta svona setningum ekki upp, þar sem forskeytta setningin er ekki fullburða setning.


Hér er S-HEADING = fyrirsögn. Ef setningin er fullburða merkjum við hana S-MAIN, ef það er hæpið að hægt sé að fá nokkra merkingu úr henni merkjum við hana S-HEADING. Í þessu dæmi er á mörkunum að við merkjum hana S-MAIN.



Hér er S-QUOTE notað fyrir aðalsetningu sem inniheldur bæði liði sem lýsa því hver segir eitthvað, og svo aukasetningu sem er sögð. Nánar um [beina ræðu](#).

## Samtengdir liðir og lauf

### Samtengdar setningar



Hér sjáum við tvær aðalsetningar með samtengingarlið á milli. Þetta eru tvær heilar setningar. Oft birtist þetta þó öðruvísi.

Samtengdir sagnliðir

SO

samtengd.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

no et nf kk gr

Hundurinn

hundur

VP

VP

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn

gelti

gelda

C

st

og

og

VP

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn

söng

syngja

grm

.

Hér eru tvær sagnir sem eiga sér sama frumlagið. Þá er búinn til sagnliður sem inniheldur tvo samtengda sagnliði, með samtengingu (C) á milli. Í mörgum þáttunarverkefnum væri búin til sérstök setning utan um síðari sögnina og þar tekinn fram frumlagsliður, NP-SUBJ, sem innihéldi tómt lauf. Við gerum það ekki hér, þar sem það er ekki í eðli Greynis að ráða við að tengja tómt lauf við rétta frumlagið. Það er í höndum annarra tóla. Megintilgangurinn er líka merkingargreining, og það auðveldar hana að hafa sagnirnar samtengdar, svo auðveldara sé að finna frumlagið fyrir seinni sögnina.

SO

samtengd.txt.2

greynir.is

Show comment

Reparsed

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

pfn et nf kk p3

Hann

hann

VP

VP-AUX

so nf nf fh subj nf p3 et þt gm sn

hafði

hafa

VP

VP

so nf nf fh gm

slegið

slá

C

st

og

og

VP

so nf nf fh gm


rakað

raka


grm

.


Hér eru tvær aðalsagnir með sömu hjálparsögn. Þá er búinn til sérstakur sagnliður utan um aðalsagnirnar.




Hér er svipað dæmi og að ofan, en hér eiga aðalsagnirnar tvær sér sitt andlagið. Þá raðast andlögin undir sagnliðina og svo er sérstakur sagnliður sem tengir þá saman.




Hér eiga aðalsagnirnar sama andlagið. Þá er andlagið sett undir sameiginlega sagnliðinn. Ath. að aðeins seinni sögnin er merkt með falli andlagsins. Þetta stafar af því að oft velur fyrri sögnin annað fall á andlag sitt, svo það að merkja fallstjórn þar auðveldar ekki merkingargreininguna.




Hér eiga aðalsagnirinar líka sama andlagið en andlagið birtist hjá fyrri sögninni. Hér er andlagið líka sett undir sameiginlega sagnliðinn. Sú sögn sem stjórnar raunverulega fallinu er núna fyrri sögnin, svo markið þar sýnir fallstjórnina.




Hér er svipað dæmi, en engin hjálparsögn og andlagið kemur í lok setningar. Það er sett undir sameiginlega sagnliðinn.






Hér eru tvær aðalsagnir sem samnýta frumlagið. Það birtist á þannig stað að það er ekki hægt að setja það undir sameiginlega sagnliðinn. Þetta telst þá jaðartilvik sem er ekki hægt að gera eins og við viljum.




Hér eru allir rökliðir sameiginlegir með aðalsögnunum svo andlagið og forsetningarliðurinn eru sett undir sameiginlega sagnliðinn.



Hér hefur andlagið verið fært fremst í setningu, en greiningin er þó eins.

Samsettur nafnliður



Önnur atriði

Óþáttanlegar setningar

S0

othekkt.txt.0

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

x

það

það

x

að

að

x

dreyma

dreyma

x

um

um

x

tunglið

tunglið

x

er

er

x

frábært

frábært

x

.

.

Hér er setning sem ekki tekst að þátta vélrænt. Þá þarf að búa til rétta greiningu handvirkt. Ég stefni á að vera búin að fara í gegnum skjölin áður en þið komið að þeim og endurþátta með tauganeti, en það getur gerst að það hafi gleymst ein og ein setning.

Stafsetningarvillur

*Hvað á að gera við stafsetningarvillur og aðrar villur?*  
Tilgangurinn er að geta náð upplýsingum úr málheildinni og ná að þjálfra tól á henni. Þar skiptir máli að kerfið sé sveigjanlegt.

**Stafsetningarvilla í stöku orði**  
Ef það er ljóst hver leiðréttingin er, á að marka orðið og þátta eftir því. ATH. Líka að breyta lemmunni í það sem á að vera, og taka út kassann sem sýnir orðskiptinguna ef það á ekki við.

S0-X

othekkt.txt.1

greynir.is

Show comment

Reparses

S-MAIN

IP

NP-SUBJ

sérnafn

et

nf

kvk

gr

Águsta

Ágústa

VP

VP

so

nf

nf

fh

subj

nf

p3

et

pt

gm

sn

datt

detta

PP

P

fs

nf

í

í

NP

no

et

þf

kk

gr


sjóinn

sjór

grm

.

Ef það er ekki ljóst, má merkja laufið með markinu x.



\* Málfræðivilla/villa sem hefur áhrif á þáttun: Ef það er hægt að þátta setninguna þó að hún sé ekki rétt, á að gera það. Ef setningin er tóm vitleysa má merkja hana með S0-X.


Ath. Allar setningar sem innihalda staktóka villur á að merkja með S0-X; sjá síðustu setninguna hér.



Frekari útskýringar og dæmi: <https://greynir.is/doc/overview.html>

## Erlend orð

Hvað á að gera við erlend orð?


Stök erlend orð, sem eru ekki sérnafnaeiningar, á að merkja með laufinu *foreign* og setja innan liðarins FOREIGN.






Sundurslitnir tókar

Hvað ef ég þarf að sameina marga tóka í einn, t.d. nöfn?  
Þetta gerist t.d. með margorða fyrirtækjanöfn og mannanöfn sem þekkjast ekki. Það er ekki hægt að leiðrétta þetta innan Annotalds svo það þarf að setja inn athugasemd við setninguna og ég sameina þetta í textaskránni sjálfri.




Hér þarf að sameina 'Icelandair ehf.' í einn tóka. Það er ekki hægt innan Annotalds svo besta leiðin er að setja inn athugasemd og ég breyti því í textaskjalinu sjálfu.



Hér er sama á ferðinni, það þarf að setja inn athugasemd um að sameina þetta í einn tóka.

## Athugasemdir

Hvernig set ég inn athugasemdir? Til hvers eru athugasemdir?



Eins og sést hér er kassi með 'Show comment'. Ýtið á hann, skrifið inn athugasemdina og munið að vista skjalið.